

6.2.2022

**Umsögn Samtaka hernaðarandstæðinga um lög um loftferðir. Þingskjal 188 — 186. mál., á 152. löggjafarþingi 2021–2022.**

Samkvæmt 112. Grein frumvarpsins eru vopnaflutningar um íslenska lofthelgi óheimilir nema með heimild ráðherra og þá að uppfylltum kröfum í reglugerð sem ráðherra setur. Slík reglugerð var sett á árinu 2019 (464/2019) og má rekja hana til mikillar umræðu sem þá hafði átt sér stað um vopnaflutninga íslenskra flugfélaga.

Reglugerðin er metnaðarlítill í meira lagi og felur í raun ekki í sér neinar alvöru takmarkanir á vopnaflutningum aðrar en þær sem leiða beint af alþjóðlegum samningum sem Ísland er aðili að. Til marks um það má nefna að frá því að utanríkisráðherra var falið valdið til að veita undanþágur frá lögnum á árinu 2019 hafa slíkar heimildir verið veittar í 68 af 69 tilfellum.

Samtök hernaðarandstæðinga telja því brýnt í ljósi þessarar reynslu að heimildir til vopnaflutninga verði þrengdar enn frekar í lagagreininni, svo ljóst sé að þær séu bannaðar eða í það minnsta algjör undantekning en ekki meginregla eins og nú er. Algjört lykilatriði, ef ætlun löggjafans er að halda áfram að heimila ráðherra að veita undanþágur, hlýtur að vera að ríkar kröfur séu gerðar um upplýsingaskyldu þar sem fram komi lykilupplýsingar um eðli vopnaflutninga, svo sem um hvers konar vopn sé að ræða og til hvaða landa þau séu flutt. Til dæmis mætti gera kröfu um að ráðuneytið gæfi Alþingi skýrslu um þetta mál ár hvert.

Fyrir liggur að eitt stærsta móttökuríki vopna frá íslenskum flugfélögum er Sádi-Arabía, land sem hefur herfilega sögu í mannréttindamálum og er beinn áráðili í grimmilegu stríði í einu fátækasta og hrjádasta ríki heims. Illt er til þess að hugsa ef íslensk stjórnvöld eru ekki fær um að taka prinsípákvarðanir varðandi bann við vopnaflutningum til slíks ríkis. Umræður um bann við vopnasölu til Sádi-Arabíu hafa komið til kasta þjóðþinga í löndum á borð við Svíþjóð, Bretland og Bandaríkin á liðnum misserum. Upplýsingar um áfangastaði vopnasendinga íslenskra flugfélaga eru frumforsenda ábyrgrar ákvarðanatöku á þessu sviði.

Samtök hernaðarandstæðinga vara við því að loftferðalög verði samþykkt í núverandi mynd án þess að heimildir til undanþágu verði þrengdar allverulega - en til þrautavara að upplýsingaskylda stjórnvalda verði stóraukin og lögbundin

**Fyrir hönd miðnefndar Samtaka hernaðarandstæðinga:**

Guttormur Þorsteinsson, formaður.